



Steinunn Bergmann, formaður
Félagsráðgjafafélags Íslands

Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

Kæru félagsráðgjafar!

Félagsráðgjafafélag Íslands er í stöðugum vexti og voru félagar við lok árs 2024 alls 653, þar af 566 með stéttarfélagasáðild og konur um 95% félaga.

Vinna við kjarasamninga einkenndi umliðið starfsár, en samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga var undirritaður 28. nóvember, við ríki 19. desember og Reykjavíkurborg 10. janúar 2025. Samningarnir endurspeglar launahækkanir sem samið var um á almennum markaði og gilda til 31. mars 2028. Kjarasamningur við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) undirritaður 4. febrúar var felldur og nýr samningur undirritaður 9. maí.

Talsvert hefur verið um viðburði á vegum félagsins sem eykur sýnileika stéttarinnar en flestir viðburðir eru í streymi og leitast er við að ná athygli fjölmiðla. Hinn 21. júní 2024 stóð Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) að minningarathöfn í tilefni af 100 ára dánardegi Ólafíu Jóhannsdóttur í samstarfi við Handís, Kvenfélagasamband Íslands og fleiri. Þann sama dag bauð FÍ útskriftarhópi með MA í félagsráðgjöf í árlega móttöku ásamt starfsfólki Félagsráðgjafardeildar HÍ og starfsþjálfunarkennurum.

Fagdeild í barnavernd hélt starfsdag 11. október þar sem fjallað var um Signs of Safety og innleiðingu aðferðarinnar.

Fagdeild í áfengis- og vímuefnamálum hélt málþing 16. október sem hófst með ávarpi Willums Þórs Þórssonar, þáverandi heilbrigðisráðherra, en Sigmar Guðmundsson þingmaður var fundarstjóri. Fagdeild fjölmenningarfélagsráðgjafa var með málþing 14. nóvember.

Félagið hélt árlegan aðventufund í tengslum við alþjóðlega mannréttindadaginn 10. desember í samstarfi við fagdeildir félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, fræðslu- og skólamálum og heilbrigðisþjónustu. Fjallað var um mannréttindi barna sem glíma við fíknis- og/eða alvarlegan hegðunarvanda og Salvör Norðdal, umboðsmaður barna, flutti ávarp.

Félagsráðgjafarþing 2025 var haldið 21. febrúar í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf á gervihnattaöld* og dagskráin var fjölbreytt. María Kristjánsdóttir félagsráðgjafi flutti ávarp Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, þáverandi formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nánar er fjallað um þingið hér á eftir.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) og Félagsráðgjafardeild HÍ héldu málstofu 10. apríl 2025 um hamfarafélagsráðgjöf. FÍ og siðanefnd voru með málstofu í tengslum við alþjóðadag félagsráðgjafa 18. mars 2025 og helgaðist dagskráin af yfirskrift

alþjóðadagsins *Að efla samstöðu milli kynslóða fyrir varanlega vellíðan* og þeim breytingum og vinnuáðferðum sem hafa orðið í faginu, frá grasrót til gervigreindar. FÍ hélt málstofu 8. maí um félagslega stöðu einstaklinga í langtíma eftirmeðferð vegna vímuefnaröskunar og 4. júní um norræna rannsókn í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ.

Ritaðar voru 19 umsagnir um þingmál og lagafrumvörp Alþingis og reglugerðir, skýrslur og stefnumál ráðuneyta. Félagið sendi yfirlýsingar og tók undir mótmæli í samstarfi við aðrar heilbrigðisstéttir og hagsmunasamtök. Erlent samstarf er mikilvægt fyrir félagið, en fundað er tvisvar á ári á norrænum vettvangi, árlega með fulltrúum Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW) og annað hvert ár með Alþjóðasamtökunum IFSW.

Fagdeildir FÍ eru 12 auk fimm landslutadeilda sem gegna mikilvægu hlutverki í að efla grasrótastarf innan félagsins og vera stjórn til ráðgjafa. Á komandi árum er nauðsynlegt að ræða hlutverk fagdeilda og landshlutadeilda í fagþróun og eflingu félagsráðgjafa til framtíðar. Það býr mikill mannaauður í stéttinni og munu félagsráðgjafar áfram gegna lykilhlutverki í því að bæta samfélagið með sjálfbærni að leiðarljósi.